

SAMPYKKTIR FYRIR BLÁA LÓNIÐ HF.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Bláa Lónið hf., á ensku Blue Lagoon hf.

2. gr.

Heimilisfang og varnarþing félagsins er að Grindavíkurbraut 9, 240 Grindavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er tvíþættur.

Í fyrsta lagi mótnun, kynning og markaðssetning á ferða- og heilbrigðisþjónustu við Bláa Lónið til útlendinga og Íslendinga ásamt nauðsynlegri stoðþjónustu, auk nýtingar, skipulagningar og uppsetningar nauðsynlegrar aðstöðu til að sinna framangreindri starfsemi við Bláa Lónið.

Í öðru lagi þróun, framleiðsla og markaðssetning, fyrst og fremst til útflutnings á hvers konar heilsuvörum úr hráefnum úr Bláa Lóninu, botnlögum þess eða næsta umhverfi.

4. gr.

Hlutafé félagsins er 880.491.411 kr. að nafnverði og skiptist í jafnmarga hluti og krónurnar eru.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að auka hlutafé félagsins um allt að kr. 88.049.141 með áskrift nýrra hluta. Stjórn ákveður útboðsgengi og greiðslukjör og getur sett nánari reglur um tilhögun hlutafjárútboða. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinum

nýju hlutum. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í féluginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild stjórnar félagsins til hlutafjárhækkunarinnar fellur niður 20. júní 2021 að því marki sem hún er þá enn ónotuð.

6. gr.

Hlutabréf félagsins skulu skráð með rafrænum hætti í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

7. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá í löggiltu formi.

Útskrift frá verðbréfamíðstöð um eignarhald á hlutum í féluginu telst fullnægjandi grundvöllur að hlutaskrá og veitir hún full réttindi þau er samþykktir félagsins mæla fyrir um.

Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félagsins og eiga allir hluthafar aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

8. gr.

Engar hömlur eru lagðar á sölu eða framsal hlutabréfa í féluginu Eigendaskipti að hlutum í féluginu taka ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

9. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Féluginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

10. gr.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í féluginu.

11. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

12. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í féluginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan sjö daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku síligrar kröfu má leita atbeina ráðherra.

13. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa. Fundarboðun skal vera send með tölvupósti á það netfang sem hluthafi hefur gefið upp eða með öðrum sannanlegum hætti nema hluthafi hafi sérstaklega óskað eftir boðun bréfleiðis. Aðalfundi og aukafundi skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og mættir eru hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða meira en helmingi í féluginu. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef á honum mæta tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í féluginu hið minnsta. Hluthafafundur kýs fundastjóra og fundarritara.

14. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti,
að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í féluginu eða jafnrétti sín á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.



15. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.

Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.

Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.

Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

16. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

17. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skal á aðalfundi kjósa 2 varamenn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskrift 3 stjórnarmanna skuldbindur félagið. Stjórnarfundir eru lögmaðir ef 3 stjórnarmenn sækja fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Halda skal fundagerð um stjórnarfundi.

Aðalfundur félagsins kýs stjórn og skal kjörtímabil hennar vera til næsta aðalfundar. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir á aðalfundi sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

Með vísan til 63. gr. laga um hlutafélög skal við stjórnarkjör gilda sú regla að þeir tveir karlar sem fá flest atkvæði þeirra karla sem eru í framboði til stjórnar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði þeirra kvenna sem eru í framboði skulu teljast réttkjörin. Sá einstaklingur, karl eða kona, sem næst kemur á eftir fyrrgreindum fjórum stjórnarmönnum að atkvæðamagni, skal teljast réttkjörinn sem fimmstí stjórnarmaðurinn.

Stjórnarmenn félagsins og framkvæmdastjóri skulu fullnægja þeim hæfisskilyrðum, sem sett eru í hlutafélagalögum.



18. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnamaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdarstjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

19. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir prókúruumboð fyrir félagið. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varðar venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnamönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

20. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfirma og skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnamanna eða starfsmanna félagsins.

21. gr.

Starfár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðenda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

22. gr.

Engin sérréttindi fylgia hlutum í féluginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

23. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því

hlutafé í féluginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93.gr. hfl.

24. gr.

Með tillögum um slit og skipti á féluginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum að heildarhlutafé félagsins slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

25. gr.

Þar sem ákvæði samþykktá þessara segja ekki til um hvernig skuli farið hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á aðalfundum félagsins í Grindavík, 28. júní 2001, 4 apríl 2002, 1. júní 2004, 10. mars 2005, 21. mars 2006, 26. apríl 2007, hluthafafundi 28.apríl 2008, aðalfundi 31. ágúst 2009, hluthafafundi 24. nóvember 2009, hluthafafundi 3. mars 2011, hluthafafundi 14. apríl 2011, hluthafafundi 20. júní 2011, hluthafafundi 6. september 2011, hluthafafundi 27. febrúar 2013, aðalfundi 6. maí 2013, hluthafafundi 8. október 2013, aðalfundi 4. apríl 2014, stjórnarfundi 27. apríl 2015 og á aðalfundi 20. júní 2018.

